



Erindisbréf starfshóps um styttingu vinnuvikunnar

Markmið með stofnun starfshópsins:

Markmiðið með störfum hópsins er að útfæra tilraunaverkefni hjá Akraneskaupstað um styttingu vinnudags án launaskerðingar starfsmanna og án þjónustuskerðingar.

Ábyrgðaraðili:

Bæjarráð.

Fulltrúar í starfshópnum:

- Elsa Lára Arnardóttir bæjarfulltrúi sem er formaður hópsins.
- Einar Brandsson bæjarfulltrúi.
- Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri á stjórnsýslu- og fjármálasviði er starfsmaður hópsins og annast fundarritun og fundarboðun í samráði við formann.

Hlutverk og helstu verkefni:

Meginverkefni starfshópsins verða eftirfarandi:

- Útfæra tilraunaverkefni um styttingu vinnudags án launaskerðingar starfsmanna, án þjónustuskerðingar og án mikils kostnaðarauka fyrir Akraneskaupstað.
- Útfæra mælikvarða til að skoða áhrif verkefnisins á heilsu, vellíðan, starfsanda starfsmanna og þjónustu við bæjarbúa.
- Tillögur um áfangaskiptingu verkefnisins.
- Vinna verk- og kostnaðaráætlun í samræmi við tillögur.
- Önnur atriði sem fulltrúar starfshópsins telja nauðsynleg.

Verklag:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs annast eftirfylgni mála á milli funda.

Starfshópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum starfshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu kynntar í bæjarráði og er starfshópurinn ólaunaður.



Akraneskaupstaður

Ráðgjöf:

Starfshópurinn getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða þá sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á sérfræðiaðstoð skal kostnaðarmat lagt fyrir bæjarráð til samþykktar.

Starfstími og skil.

Starfshópurinn skal skila áfangaskýrslu fyrir 18. október til bæjarráðs. Gert er ráð fyrir að tilaunaverkefnið hefjist eigi síðar en í upphafi árs 2019.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 12. júlí 2018.

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri